

**Skólanefnd Garðabæjar
b/t Oddnýjar Eyjólfsdóttur
deildarstjóra skóladeildar**

Efni: Umsögn foreldraráðs Sjálandsskóla um skólanámskrá skólans 2007-2008.

Garðabæ 18. apríl 2007.

Foreldraráð Sjálandsskóla hefur haft tækifæri til að vinna náið með skólastjórnendum skólans að þróun og mótun skólanámskrár. Starf Sjálandsskóla er afar metnaðarfullt og er starfsgleðin mjög einkennandi í starfi skólans, jafnt hjá starfsfólki sem nemendum. Mikill metnaður af hálfu skólans hefur verið fyrir að byggja upp náið samstarf við foreldra og því hefur foreldraráð haft tækifæri til að kynna sér málefni skólans til hlítar og alltaf verið vilji af hálfu skólastjórnenda til að koma til móts við óskir foreldra. Skólanámskrá skólaársins 2007-2008 var kynnt foreldraráði í upphafi árs 2007 og endurspeglar hún bæði starf og stefnumótun sem hefur verið í gangi í skólanum en einnig nokkrar nýjar áherslur sem rätt hefur verið að væri hagur að vinna frekar með.

Gerðar hafa verið á skólaárinu 2006-2007 nokkar kannanir hjá nemendum um líðan og fleira slíkt. Á yfirstandandi skólaári var sérstaklega unnið með einelti, bæði í sérstakri þemaviku í febrúar 2007 en einnig á heimaþingum nemenda, í umsjónarhópum og í öðru starfi. Foreldraráð fagnar því að samkvæmt skólanámskrá 2007-2008 verður enn frekar unnið með að auka vellíðan nemenda með markvissum aðferðum svo sem viðtölum við nemendur, frekari viðhorfskönnunum og vinahópastarfi sem foreldrafélagið mun hafa umsjón með.

Þá er afar ánægjulegt að sjá að sérstaklega verður á næsta skólaári unnið með að kortleggja viðbrögð skólans við mögulegum erfiðleikum og sérþörfum nemenda. Bæði verður skilgreind eftirfylgni með niðurstöðum skimana og samræmdra prófa en einnig er stefnt að því að festa í sessi ferli sérkennslu og stuðnings. Þegar vandi kemur upp hjá barni er mikilvægt að foreldrar viti hvert eigi að snúa sér og í skólanámskrá næsta vetrar hyggst Sjálandsskóli útbúa leiðsögn til foreldra hvert þeir geti leitað innan skólans ef grunur er um náms- eða félagslega erfiðleika hjá barni. Er þetta til mikillar fyrirmyndar.

Áfram mun Sjálandsskóli leggja mikið upp úr útikennslu og hreyfingu og er það í samræmi við þátttöku Garðabæjar í heilsueflingarverkefninu “Allt hefur áhrif einkum við sjálf”. Viðfangsefni í útikennslu, sem hefur tíðkast í skólanum frá upphafi, verða skilgreind enn frekar og unnið að uppbyggingu fjölbreyttari aðstöðu á skólalóð til

útikennslu en umhverfi skólans er endalaus uppspretta tækifæra. Þá verður spennandi að sjá frekari vinnu í að efla færni og þekkingu elstu nemenda í færni á notkun kajaka.

Sjáländsskóli býr svo vel að hafa Alþjóðaskólann í skólabyggingunni. Þetta gefur ýmsa möguleika í enskukennslu nemenda og á næsta ári verður unnið að því að endurmeta enskukennslu skólans og samstarf við Alþjóðaskólann. Skoðaðir verða möguleikar á enskukennslu allra aldurhópa og einnig unnið að því að þróa enn frekar enskukennslu barna sem hafa mikla forþekkingu. Verður mjög gaman að fylgjast með þessari þróun.

Þá er gaman að sjá að skólinn hyggst á næsta ári efla nýsköpunarkennslu skólans og hvetja til þátttöku nemenda í nýsköpunarkeppnum.

Foreldraráð hefur fengið að fylgjast með markvissu starfi Sjáländsskóla við að hvetja nemendur til að tjá sig t.d. á heimaþingum nemenda sem haldin hafa verið reglulega. Í skólanámskrá næsta árs kemur fram að skólinn hyggst enn frekar vinna með að skilgreina kennslu í framsögn, leikrænni tjáningu og ræðumennsku og tryggja þátttöku allra nemenda í ákveðnum fjölda slíka verkefna. Kennsluaðferðir skólans gefa ríkulegt tækifæri til að þjálfa slíka tækni barnanna og slíkt veganesti mun gera þau að sterkari einstaklingum og í því felst mikil forvörn. Einnig hyggst skólinn efla þátttöku nemenda í mótun samfélags og umhverfis. Sjáländsskóli hefur á starfstíma sínum lagt mikla áherslu á að efla umhverfisvitund nemenda enda skólinn í nálægð við umhverfisperlur sem gefa mikil tækifæri til námsverkefna á því sviði. Þá verður einnig lögð áhersla á þátttöku nemenda í samfélagslegum verkefnum t.d. fjársöfnun til góðgerðarmála. Foreldraráð fagnar öllum framangreindum markmiðum skólans af heilum hug.

Að lokum má nefna að foreldraráð/foreldrafélag Sjáländsskóla á 2 fulltrúa foreldra í nýskipaðri nefnd skólans sem vinnur að undirbúningi unglíngastígs í skólanum fyrir haustið 2008. Skólinn hefur í öllu slíku mótunarstarfi lagt mikla áherslu á samstarf við foreldra skólans og nemendur og er mikill einhugur meðal foreldra skólans hversu gott samfélag Sjáländsskóli er.

Virðingarfyllst,
F.h. foreldraráðs Sjáländsskóla

Ragný Þóra Guðjohnsen,
formaður foreldraráðs